

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2016, mánudaginn 6. júní kl. 15:30, var haldinn 142. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis að Efstaleiti 1, 2. hæð. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Björn Birgir Þorláksson (Björn er varamaður Kristínar Elfu) Elín Engilbertsdóttir og Sigurður Þórðarson áheyrnafulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar PLH sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Tónlistarhátíðin Secret Solstice. Lögð fram umsagnarbeiðni frá USK um umsókn dags.06.06.2016 um tímabundið tækifæris – og vínveitingaleyfi. Einnig lagt fram bréf borgarráðs dags. 22. maí með umsögn USK um hátíðina.

Hverfisráð samþykkir eftirfarandi umsögn:

Hverfisráð leggur til að leyfið verði veitt aðfararnætur 17., 18. og 19. júní frá kl.12:00 til 02:30. Aðfaranótt 20. júní frá 12:00 til 24:00.

Framkvæmdastjóra falið að koma umsögninni á framfæri við USK hið allra fyrsta.

- Kl.15:53 Sandra tekur sæti á fundinum.

2. Framvinda verkefnisins *Hverfið mitt* (Betri hverfi) kynnt og nýr tímaás verkefnisins, en hugmyndasöfnun stendur yfir til 15. júní.

3. Rætt um niðurstöður fundar formanns hverfisráðs og framkvæmdastjóra með hagsmunaaðilum leikskólans Steinhóllar sem haldinn var 1. júní s.l. Fundargerð þess fundar var send hverfisráði með fundarboði fyrir fund ráðsins og rædd.

Eftirfarandi bókun samþykkt:

Niðurstaða fundarins með hagsmunaaðilum var sú að fulltrúar SEA og USK samþykktu að skoða breytingar á aðkomunni á þessu ári og fulltrúi SFS samþykkti að leggja til að bílastæðamálið kæmist á forgangslista yfir fjárfestingaframkvæmdir ársins 2017. Hverfisráð tekur undir mikilvægi málsins vegna þeirrar hættu sem skapast hefur á bílastæðinu og mælist til þess að málinu öllu verði lokið sem allra fyrst.

Framkvæmdastjóra falið að koma þessu á framfæri.

4. Fundargerð frá opnum kynningarfundum sem haldinn var í Vogaskóla 2. júní um Vogabyggð lögð fram og rædd.

5. Þrjár styrkumsóknir liggja fyrir í hverfissjóð Laugardals. Frá Kvenfélagi Langholtssóknar, frá verkefninu 10 ára í tjaldi og frá Borgarbókasafninu í Sólheimum.

- Kl. 16:28 tekur Sigurður sæti á fundinum.

Ákveðið að veita verkefninu 10 ára í tjaldi styrk kr.130.00 úr hverfissjóði.

6. Lögð fram útskrift úr gerðabók USK varðandi Suðurlandsbraut 58-64, 66, 68, 70-72, 74 og 76.

7. Næsti fundur ráðsins verður 29. ágúst kl. 15.30.

Fundi slitið kl. 16.45

Heiðar Ingi Svansson (Sign)

Sandra Berg Cepero (Sign)
Björn Birgir Þorláksson (Sign)

Bjarni Jónsson (Sign)
Elín Engilbertsdóttir (Sign)